

Fagráð í hrossarækt

67. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, mánudaginn 24. mars klukkan 13:00 (áður hafði verið boðað til fundarins fimmtudaginn 20. mars en honum frestað vegna veðurs).

Mættir: Sveinn Steinarsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Elvar Einarsson, Hulda Gústafsdóttir, Vignir Siggeirsson og Þorvaldur Kristjánsson.

Guðný Helga Björnsdóttir og Baldvin Ari Guðlaugsson höfðu tilkynnt forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning .
 2. Fundarferð formanns fagráðs, ábyrgðarmanns hrossaræktar og formanns LH
 3. Erindi frá BÍ. Umsögn um erindi er varðar leyfi til rekstur sæðingastöðvar að Sandhólaferju í Rangárþingi ytra.
 4. Erindi frá hestamannafélaginu Sleipni á Selfossi, varðandi miðsumarssýningu 2014
 5. Skráning á keppnisárangri í WF
 6. Munnáverkar/álagsáverkar: farið yfir erindi og niðurstöður Sigríðar Björnsdóttur og Þorvaldar Kristjánssonar
 7. Áverkar á kynbótasýningum og birting áverkalista
 8. Önnur mál.
-
1. **Fundarsetning.** Sveinn Steinarsson formaður fagráðs setur fundinn. Áður hafði verið boðað til fundarins fimmtudaginn 20. mars en vegna veðurs og slæmrar færðar var hann færður til 24. mars.
 2. **Fundaferð formanns fagráðs, ábyrgðarmanns hrossaræktar og formanns LH**
Formaður fer yfir helstu atriði úr nýafstaðinni fundarferð. Almennt þá náðust upp góðar umræður í ferðinni en fundarsókn hefði mátt vera miklu betri en raun varð og í raun umhugsunarefni hvort öll sú vinna og kostnaður sem lagður er í ferðina sé að skila tilætluðum árangri. Í ferðinni var lögð áhersla á kynna starfsemi RML bæði skipulagslega og verkefni ársins er tengjast hrossarækt. Farið var yfir starfsemi félags hrossabænda og voru áverkamálin einnig umfangsmikil í yfirferðinni bæði hvað varðar þróun þeirra síðustu ár og hvað væri hægt að gera til að snúa þeirri þróun við. Almennt voru jákvæðar undirtektir við þeim punktum sem settir voru fram á fundunum í því samhengi og samhugur meðal hestamanna um að eitthvað verði að gera í þessum málum.

3. **Erindi frá BÍ.** Umsögn um erindi er varðar leyfi til reksturs sæðingastöðvar að Sandhólaferju í Rangárþingi ytra. Bændasamtökum Íslands hefur borist erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna umsóknar Guðmars Aubertssonar um leyfi til reksturs sæðingastöðvar að Sandhólaferju en samkvæmt 3. gr reglugerður nr. 787/2003 um búfjársæðingar þarf að leita umsagnar Bændasamtaka Íslands og hefur stjórn BÍ leitað til fagráðs vegna þessa. Í umsókn sinni óskar Guðmar eftir leyfi til rekstur stöðvarinnar og tiltekur jafnframt að hann hafi hug á að flytja út sæði úr íslenskum stóðhestum og óskar eftir ráðleggingum ráðuneytisins hvað það varðar. Fagrád telur að ekki sé ástæða til að gera neinar athugasemdir við leyfisveitingu til stöðvarinnar til starfsemi innanlands að uppfylltum þeim kröfum sem gerðar eru til slíkra stöðva hérlendis. Hvað hugsanlegan útflutning á sæði varðar þá er ljóst að slíkt er að mestu háð þeim kröfum sem gerðar eru í því landi sem flytja á til. Mikilvægt er þó að farið sé vel yfir hvaða áhrif slíkur útflutningur getur haft á ræktunarstarf hérlendis og hvort ástæða sé til að setja honum einhver þau skilyrði er tryggja lágmarkskaðgengi íslenskra ræktenda að erfðaeftni úr góðum stóðhestum. Jafnframt telur fagrád mikilvægt að heildstætt verði skoðað hvaða áhrif aukin og hugsanlega umfangsmikil dreifing á sæði úr einstökum stóðhestum getur haft á erfðabreytileika í íslenska hrossastofninum til lengri tíma.
4. **Erindi frá hestamannafélaginu Sleipni á Selfossi varðandi miðsumarsýningu 2014.** Í erindi Sleipnismanna er farið fram á að miðsumarssýning verði skipulögð á Selfossi sumarið 2014. Samhliða erindinu er greinargerð Péturs Halldórssonar þar sem farið er yfir ástæður þess að síðsumarsýning 2013 var flutt frá Selfossi að Hellu vegna slæms veðurútlits enda hafði sýnt sig að völlurinn á Selfossi þolir illa rigningartíð sem haft hefur áhrif á sýningahald á vellinum. Fagrád telur ekki ástæðu til þess að breyta sýningardagskrá sumarsins 2014 en hvetur Sleipni til að vinna að því að völlurinn verði lagfærður þannig að hann þoli betur vatnsveður til jafns við aðra velli.
5. **Skráning á keppnisárangri í WF.** Framhald á umræðu um málið frá síðasta fundi en þá var Þorvaldi og Elvari falið að fylgja málinu eftir. Staðan er sú að allt er til reiðu til að keyra kynbótamat byggt á keppnisgöngum og er stefnt að því að keyra það í haust, þá til hliðar við venjubundnar kynbótamatskeyrslur. Það sem eftir standi sé að ákveða hvaða mót fari inn í gagnasafnið. Rætt er um að það sé eðlilegt að það séu öll mót sem standast reglur.
6. **Munnáverkar/álagsáverkar.** Þorvaldur fer yfir uppgjör gagna sem Sigríður Björnsdóttir hefur safnaði í tengslum við „klár í keppni“. Úr þeim gögnum sáust marktæk áhrif tegundar méla á áverka í munni þar sem stærsta útslagið gerðu mál með tunguboga varðandi áverka á kjálkabeini. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar fyrir forsvarsmönnum hestamanna og í ljósi þessara niðurstaðna liggur fyrir að svara þurfi þeirri spurningu hvort hreinlega eigi að banna notkun á þessari tegund af málum. Mikil umræða skapast um málið. Þar sem annarsveggar togast á sú staðreynd að erfitt

sé að horfa framhjá svona afgerandi niðurstöðum og hinsvegar að hér þurfi fyrst og síðast að horfa á heildarmyndina sem er velferð hestsins og að bann á einstökum búnaði sé tæplega besta leiðin að því markmiði. Meirihluti fagráðsmanna er stítt fundinn telja að alltaf hljóti að vera vænlegri leið að horfa á markmiðið í stærra samhengi sem í þessu tilfalli sé að koma í veg fyrir áverka í munni hrossa. Koma þurfi þessum niðurstöðum á framfæri og auka fræðslu um þessi mál. Bent er á að meðal hins almenna hestamanns sé lítil vitneskja um munnáverka og þá sérstaklega áverka á kjálkabeini. Einnig þurfi að skerpa mjög á því hvernig brugðist er við þegar alvarlegir áverkar finnast á hrossum og undantekningalaust vísa þeim frá sýningu. Sú aðgerð hljóti að skila meiri árangri en bann á einstökum tegundum búnaðar. Þó vissulega sýni niðurstöður athugunarinnar að umrædd tegund méla auki líkur á sárum og áverkum í munni séu einnig aðrar orsakir fyrir þeim sem ekki megi horfa framhjá. Fagráð bendir á að í þessum málum sé nauðsynlegt að ná samstöðu meðal allra hagsmunaðila í hestamennsku og hrossarækt um viðbrögð og frávísun frá viðburðum ef alvarlegir áverkar finnast í munni hrossa. Forsvarsmenn hestamanna þurfi að taka höndum saman með yfirdýralækni um að tekið verði á þessum vanda innan frá þannig að ekki komi til þess að grípa þurfi til boða og banna sem alltaf hljóta að vera síðasta úrræði. Hvað hugsanlegt bann á umræddum beislabúnaði ræðir er ljóst að ef til þess kemur þarf að tryggja að það sé framkvæmanlegt. Ritara fagráðs er falið að athuga hvort reglugerðarbreytingu þyrfti til ef slíkt bann ætti að koma til framkvæmdar á kynbótasýningum.

7. **Áverkar á kynbótahrossum og birting áverkalista.** Mikilvægt er að skoða alla fleti á þessu máli. Rætt er um hvernig hægt er að gera kynbótasýningarnar hestvænni. Þar hefur sérstaklega verið rætt um að stytta kynbótabrautirnar og þar með sprettfærið. Þeir dómurarnar sem rætt hefur verið við hvað þetta varðar eru sammála um að 150 metra kafli sé fullkomlega nægjanlegur til að meta gangtegingundir. Fagráð leggur til að prófað verði í sumar að stytta sprettfærið niður í 150 metra og að fyrir kynbótasýningar sumarsins verði gengið frá merkingum þannig að þetta sé öllum skýrt og ljóst, bæði knöpum og dómurum. Skoðað verði í framhaldinu hvort ástæða sé til að leggja til styttingu brauta í 250 metra fyrir sýningar næsta árs. Mikilvægt sé einnig að skoða aðra þætti svo sem undirlag brauta. Nú í sumar verður gögnum um hlífðarbúnað safnað sem vonandi varpar ljósi á það hvaða búnaður sé best til þess fallinn að hlífa hrossum við áverkum. Þýða þarf og kynna niðurstöður hófarannsóknarinnar sem kynnt var á aðalfundi FEIF í upphafi árs. Að fengnu álitu lögfræðings BÍ hefur nú verið tekin endanleg ákvörðun um að áverkaskráning verði birt í heild sinni að loknum sýningum í sumar sem hluti af öðrum opinberum gagnauppgjörom varðandi sýningarnar. Ritara fagráðs er falið að setja upp fréttatilkyningu hvað það varðar. Í kjölfarið er rætt um áverkaskráninguna og hvort rétt sé að endurskoða hana. Í ljósi þess að fagráð fjallaði um það mál sérstaklega í samráði við dýralækna síðasta haust er ákveðið að leggja ekki til breytingar á áverkaskráningu nú en taka málið aftur upp í haust.

8. **Önnur mál.**

- a. Gunnfríður fer yfir meðferð DNA greininga og þá sérstaklega þeirra mála þar sem ekki hefur tekist að staðfesta ætterni með DNA greiningu. Nokkuð er um að gömul óleyst mál hangi ennþá inni í WorldFeng. Skerpa þurfi öll vinnuferli í kringum þessi mál og fylgja því eftir að ætterni hrossa sé tekið út ef DNA greining hefur leitt í ljóst að ekki sé hægt að staðfesta skráninguna. Tryggja þurfi að eigendur fái tilkynningu um málið og ákveðinn frest til úrbóta ellegar verði ætterni tekið út þar til tekist hefur að sannreyna það. Þetta er mikilvægur hluti að því að auka öryggi gagna í WorldFeng.
- b. Sveinn les fyrir fundarmenn uppkast að bréfi til Bændasamtakanna þar sem fylgt er eftir bókun frá fagráðsfundi þann 17. desember síðastliðinn um skýringu á ráðstöfun þeirra fjármuna sem koma úr sameiginlegum sjóðum til Bændasamtakanna og RML vegna ræktunarstarfs og leiðbeiningaþjónustu.
- c. Þorvaldur Kristjánsson leggur fram hugmyndir að dómskala fyrir mat á þjálni vegna gagnasöfnunar til nemendaverkefnis í tengslum við kynbótasýningar næsta sumar. Rætt um að menn fari yfir tillögurnar og sendi athugasemdir fyrir helgi þar sem kynna verður skalann fyrir dómurum á FEIF námskeiði næstkomandi sunnudag.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 16:30

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Ritari fagráðs í hrossarækt